

Fundargerð

27. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 29. október 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Evróparáðstefna í Tallin, Eistlandi

Formaður gerði grein fyrir greinargerð sem dreift verður vegna þátttöku FRÍ á Evrópuráðstefnunni. Sagði frá vinnu formanns og varaformanns á ráðstefnunni, mörgum ólíkum fundum og forsæti Íslands á fundi Norðurlanda. Rætt um miðlun upplýsinga og einnig um möguleika á meistaramóti Norðurlanda, ólíkar greinar í ólíkum löndum. Sagt frá smáþjóðasamtali. Gert grein fyrir að Guðlaug Baldvinsdóttir fékk „Women’s Leadership award“ frá EA og afhending verður formleg á uppskeruhátíðinni.

3. Fjárhagsmál, fjárhagsáætlun 2020 og erlend mótapátttaka 2020

Gjaldkeri kynnti vinnu við 9 mánaða uppgjör og sagði frá 10 mánaða tölum. Rætt um fjárhagsáætlun 2020 og um leið þátttöku í erlendum mótum. Rætt um seinni úthlutun afrekssjóðs FRÍ. Rædd fjárhagsstaða aðildarfélaganna. Stjórn telur almennt að fjárhagsmál aðildarfélaganna séu í góðum farvegi og félögin eru að vinna að lausnum gagnvart fjárhagskröfum FRÍ. Vísað til næsta fundar, staða viðskiptamannakrafna send út til stjórnar.

4. Hlaupaverkefnið

Almenn umræða enn á ný. Umræða um rafrænar lausnir og næstu skref. Mikilvægi þess að verkefnið eignist eiganda, verkefnastjóra, sem getur rekið verkefnið áfram miðað við leiðarlínur þær sem liggja fyrir.

5. Önnur mál

a. Formannafundur og uppskeruhátíð 22.11.19 í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal. Íris verkefnastjóra og varaformanni var falið að útfæra dagskrá uppskeruhátíðar. Kynnt af varaformanni, umræður. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að útfæra dagskrá formannfundar. Kynnt af formanni, umræður.

b. RIG 2020. Verður sunnudaginn 2.2.2020 kl. 16.00. Gert grein fyrir undirbúningi.

c. Frjálsíþróttaping 2020, 28.3-29.3. Formaður, ritari og framkvæmdastjóri eru að störfum við undirbúning. Samningar um staðsetningu á lokastigum.

d. Nordic Congress. Haldið á Íslandi 6.-7. mars 2020. Framkvæmdastjóri og formaður leiða undirbúning.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:00 með því að rætt var um mikilvægar færeyskar ættir í Kópavogi.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.